

Fær fyrirtækið ferskt loft?

● Nýtt íslenskt loftræstitæki í smíðum ● Heldur varmanum inni þó ferska útlóftið fái að streyma um rýmið ● Loftgæði hafa áhrif á líðan, afköst og heilsu

Asgeir Ingvarsson
ai@mbi.is

Til að viðhalda sem bestum loftgæðum í venjulegu vinnurými þarf að endurnýja innloftið ört, og í skrifstofuhúsnæði eru 3 loftskipti á klukkustund ekki óeðlileg. En þetta gerir fólk auðvitað ekki heldur lokar gluggum til að halda inni hitanum og lokar þá inni rakann og vonda loftið um leið,“ segir Jóhannes Loftsson verkfræðingur og framkvæmdastjóri Breather Ventilation sem er nýtt fyrirtæki stofnað í kringum uppfinninguna Andblæ. Andblæ er ný loftræstilausn sem kann að marka ákveðin kaflaskil í loftgæðum jafnt hjá fyrirtækjum sem heimilum.

Fyrir Andblæ hlaut Jóhannes í upphafi árs frumkvöðlaverðlaunin Fræði, sem HR veitti þá í fyrsta sinn, en með fylgdi allveglega útlátíð verðlaunafé sem ætlað er að auðvelda stofnun sprötafyrirtækis.

Varmanum ekki sleppt

„Þetta er kerfi sem sparar orku með því að endurnýta varmann sem er inni í húsinu. Undir venjulegum kringumstæðum erum við að henda út hitanum þegar við t.d. opnum glugga til að fá ferskt loft inn. Þetta er í raun orkutap enda þarf fyrir vikið meiri húshitun til að ná upp réttu hitastigi með nýja og svala loftinu,“ útskýrir frumkvöðullinn.

Með Andblæ má færa um 80% af varma loftsins sem berst út yfir í loftið sem tekið er inn sem svo þýðir að draga má töluvert úr kyndingu þrátt fyrir stöðugan straum af fersku lofti. Í dag þykir gott að ná fram 50% varmaflutningi við loftræstingu og segir Jóhannes að það muni miklu um hvert prósentustig af orku sem glatast.

Gott loft ómissandi

Áhrifin af miklum loftgæðum eru óumdeild: „Ef ekki er góð loftræsting getur það t.d. aukið líkur á raka-

skemmdum auk þess vitaskuld að loftið verður þungt og óskemmtilegt að hafast við í því. Ekki er að ástæðu- lausu að mikið er haft fyrir því við gerð atvinnuhúsnæðis hérlandis og erlendis að loftgæðin séu sem best enda ljóst að afköstin og líðan starfsmanna er allt önnur ef þeir hafa stöðugan straum af fersku lofti,“ segir Jóhannes. „Þá er með Andblæ hægt að koma fyrir síum til að hreinsa loftið sem bæði getur einfaldlega dregið úr ryksöfnun og einnig hjálpað til að verja fyrir aðskotaðgnum sem t.d. valda ama hjá ástma- og öfnæm- issjúklingum. Um leið er kerfið að færa út úr rýminu þau skaðlegu efni sem myndast innan húss og losna úr hvers kyns húsbúnaði við almenna umgengni.“


Tæki sem sparar útgjöld

Jóhannes segir að Andblæ muni ekki aðeins geta sparað kyndikostnað heldur líka byggingarkostnað, t.d. við smíði atvinnu- og skrifstofuhúsnæðis. Þykkt Andblæs er nefnilega ekki nema um einn tíundi af þykkt sam- bærilegra loftræstilausna og kerfið byggist á staðbundinni loftræstingu fyrir hvert rými en ekki einu stóru kerfi fyrir heila hæð eða heila bygg- ingu. „Í tilvikum nýbygginga mætti því hreinlega lækka húsnæðið því ekki þarf að gera ráð fyrir jafn miklu loft- rými til að koma fyrir loftræst- istokkum. Ekki þarf heldur opn- anlega glugga því loftstreymi gegnum Andblæ er meira en nógu mikið til að mæta breytilegum þörf- um og veðurskilyrðum,“ segir Jó- hannes en Andblæ má segja að sé eins og flöng plata í laginu og má fella eftir gluggakörnum, loftum, veggj- um og sýllum svo að lítið fari fyrir. „Einnig er kostur að hvert tæki starf- ar sjálfstætt svo ef eitthvíl bilar liggur ekki ill loftræsting niðri. Raunar get- ur sá, sem lendir í að tækið sem loftræstir hans vinnurými bilar, einfald- lega tekið annað að láni t.d. tæki kollega sem er í frí þann daginn.“



Morgunblaðið/Ómar

Són „Undir venjulegum kringumstæðum erum við að henda út hitanum þegar við t.d. opnum glugga til að fá ferskt loft inn,“ segir Jóhannes Loft- son en tækið sem hann hefur þróað dregur verulega úr þessu varmatapi.



eins og sést en kann að marka tímamót.

Getur borg- að sig upp á 3-4 árum

Andblæ er nokkuð langt kominn í þróun en Jóhannes áætlað að ekki sé lengra en þrjú ár í að markaðssetning hefjist. „Núna er fyrirtækið komið í fjárfestingarfasa og leitað að fjár- magni til að fara lengra með rekst- urinn,“ segir hann en Breather Ven- tilation er samstarf Jóhannesar og bandaríska fyrirtækisins IDL-motors, sem í um tvo áratugi hefur þróað og framleitt kælilausnir fyrir rafbúnað.

Jóhannes bindur eðlilega miklar vonir við uppfinninguna, þó hann eigi ekki von á að salan verði endilega mikil hér heima. Þar sem kyndikost- aður er óvenjulágur í flestum þétt- býliskjörnum hér á landi er helst að fjárfesting í Andblæ borgi sig annars vegar í eldri húsum þar sem ekki má nema með áhrum tilkostnaði koma fyrir, svo vel sé, hefðbundnu loft- ræstikerfi. Hins vegar getur Andblæ borgað sig í nýbyggingum þar sem þessi fyrirferðarlita lausn getur, eins og áður var sagt frá, leyft minni loft- hæð og lægri byggingarkostnað sem því nemur. „Þó eru í kringum 12.000 hús á Íslandi kynt með öðrum leiðum en jarðhita og er kostnaðurinn svo mikill að ríkið býður upp á nið- urgreiðslu. Frumútreikningar benda til þess að í húsum sem kynt eru t.d. með olíu borgi Andblæ sig upp í orkusparnaði á um 3-4 árum. Sama gildir svo í flestum nágrannalöndum okkar.“



BETRI VERKFAERI

Microsoft hefur uppfært verkfærakistuna fyrir Office 2010. Í henni eru fjölmargar nýjungar sem hjálpa fyrirtækjum að koma hugmyndum sínum á framfæri á skýran og aðgengilegan hátt. Það eru margar gildar ástæður fyrir því að fá sér Office 2010 skrifstofuhugbúnaðinn.



Fjarstýrðu kynningunni

Nýttu þér Broadcast Slideshow þegar þú vilt kynna vöru og þjónustu með PowerPoint í gegnum vefinn. Þú stýrir kynningunni í gegnum þína tölvu og viðskipavinir fylgjast með á sínum skjá.



Komdu á skipulagi

Haltu utan um hugmyndir og glósur í OneNote og leyfðu öðrum að sjá eða breyta með OneNote Shared Notebook á vefnum.



Aukin samvinna

Með Office 2010 geta fleiri en einn unnið í sama skjalinu hvort sem það er í gegnum netið, tölvuna eða farsímann.



Myndrænni gögn

Öflugri myndbirting gagna í Excel töflureikni. Nú getur þú eytt meiri tíma í greiningu gagna í stað útfærslu þeirra.

Kynntu þér fleiri frábærar nýjungar Office 2010 á www.nyherji.is

